





Sneið til stjórnvalda

-  Landsmenn vinna fyrir hið opinbera frá 1. janúar til 21. júní
-  Ríki og sveitarfélög taka of stóra og vaxandi sneið af launum fólks
-  Skatthlutföll verða að lækka frekar til að snúa þessari þróun við

Fimmtudaginn 21. júní er vinnu Íslendinga fyrir sköttum og gjöldum til hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga, lokið. Fram á þann dag má segja að menn hafi stritað fyrir opinberum gjöldum og geti loks farið að vinna fyrir sjálfa sig.

Met í fjölda vinnudaga fyrir hið opinbera


Á mynd 1 sést hversu marga daga Íslendingar vinna fyrir sköttum og gjöldum til hins opinbera. Síðustu tvö ár eru þau tvö ár sem hið opinbera hefur tekið stærstan hluta landsframleiðslunnar til sín. Á þennan mælikvarða hafa landsmenn aldrei verið jafn stóran hluta ársins að vinna fyrir hið opinbera og síðustu tvö árin. Ef miðað er við tölur fyrir árið 2006 eru Íslendingar 171 dag að vinna fyrir hið opinbera en 194 daga fyrir sjálfa sig.



Mynd 1. Síðustu tvö ár eru metár í fjölda vinnudaga fyrir hið opinbera þegar mælikvarðinn tekjur hins opinbera sem hlutfall af VLF er notaður.

Skatttekjur aukast gríðarlega

Árið 2006 voru tekjur hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu tæp 47%. Hið opinbera er bæði ríki og sveitarfélög. Fimmtudaginn 21. júní er þetta hlutfall af árinu liðið. Hlutfallið hefur hækkað mjög mikið á síðustu 20 árum en árið 1987 var það innan við 36%. Næstu ár þar á eftir hækkuðu bæði tekjur og gjöld mjög verulega en frá 1991 til 1998 var hlutfallið nokkuð stöðugt. Sérstaka athygli hlýtur að vekja að í fjármálaráðherratið Friðriks Sophussonar lækkuðu útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu. Þess ber að geta að hluti af skattheimtunni á fyrri hluta þessa tímabils var dulinn með því að reka ríkissjóð og sveitarfélög með halla. Þannig veltu menn skattbyrðinni á undan sér. Þetta kemur glögg frá á mynd 2 hér að neðan.



Mynd 2. Grafið sýnir þróun tekna og útgjalda hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu síðustu 20 ár.

Það mætti auðvitað einnig hugsa sér að nota útgjöld hins opinbera sem mælikvarða á það hve menn vinna mikið fyrir hið opinbera. Á þann mælikvarða væru menn til 1. júní að vinna fyrir sköttunum miðað við árið 2006. Útgjöldin hafa einnig hækkað mikið á síðustu 20 árum þótt mikill vöxtur landsframleiðslu undanfarin ár hafi lækkað hlutfall þeirra af landsframleiðslu nokkuð. Frá árinu 1998 hafa útgjöld hins opinbera til að mynda aukist um ríflega 100 milljarðar króna á verðlagi ársins 2005. Útgjöldin voru 316 milljarðar króna árið 1998 en voru komin í 433 milljarða króna árið 2006 á sama verðlagi. Þetta er sérstaklega umhugsunarvert í ljósi þess að af pólitískri



Sneið til stjórnvalda



umræðu mætti oft ráða að niðurskurðarhnífnum sé beitt af mikilli hörku. Tölurnar benda þvert á móti til þess að sá hnífur sé ekki til hjá hinu opinbera.

Ekki öll sagan sögð

Þessir mælikvarðar á umsvif hins opinbera eru auðvitað ekki fullkomnir. Auk þess að taka til sín verulegan hluta landsframleiðslunnar og eyða honum leggja ríki og sveitarfélög alls kyns höft og íþyngjandi reglur á landsmenn. Höft í landbúnaði, bæði í framleiðslu og verslun með búvörur, eru Íslendingum til að mynda dýr. Flóknar reglur og eftirlit auka kostnað í atvinnulífinu. Launþegum og atvinnurekendum ber lagaskylda til að greiða ákveðin iðgjöld til lífeyrissjóða í sameign sem ekki er ósanngjarnt að líta á sem opinber afskipti. Í heilbrigðis- og menntamálum er ríkið með umsvifamikinn rekstur sem hamlar því að neytendur fái notið einkaframtaks og samkeppni á þessum sviðum. Það má því leiða að því sterk rök að tekjur og gjöld hins opinbera segi ekki alla söguna um umsvif ríkis og sveitarfélaga og kostnaðinn sem þessir opinberu aðilar leggja á landsmenn.

Megin ástæðan fyrir hinum miklu skatttekjum hins opinbera á síðustu árum er, eins þversagnarkennt og það kann að hljóma, skattalækkun á fyrirtæki og einstaklinga. Þessar skattalækkunir hafa ásamt einkavæðingu, frelsi á fjármagnsmarkaði og hagkvæmu fiskveiðistjórnunarkerfi, örvað efnahagslífið, skapað ný störf, aukið tekjur fólks og fyrirtækja og þar með stækkað þá skattstofna sem hið opinbera nýtir.

Þetta breytir því ekki að þegar gripið var til þessara skattalækkana voru skatthlutföll almennt mjög há á Íslandi. Þrátt fyrir allar skattalækkunirnar er núverandi tekjuskattshlutfall einstaklinga (35,72%) hærra en það var þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp á níunda áratug síðustu aldar. Þar sem launahækkun hefur verið mjög mikil hefur lækkun skatthlutfallsins, vegna samspils skatthlutfalls og persónuafsláttar, ekki dugað til að koma í veg fyrir hækkun á heildar skattgreiðslum. Skattar hafa með öðrum orðum ekki verið lækkaðir nógu hratt til að hamlar á móti tekjuaukandi áhrifum skattkerfisins fyrir hið opinbera í góðæri.


Eina ráðið gegn þessum auknu skatttekjum og þeirri tilhneigingu stjórnámálanna að auka útgjöld þegar tekjur aukast er að halda áfram skattlækkunum. Mikilvægast er að halda áfram að lækka skatthlutföll eins og tekjuskatt einstaklinga.

Háir skattar hvetja til undanskota

Þegar þjónustuaðilar þurfa að greiða 24,5% virðisaukaskatt af tekjum sínum og svo 35,72% tekjuskatt af því sem eftir stendur auk 5,34% tryggingagjalds af launagreiðslum er ljóst að freistingin til undanskota er mjög mikil. Hið opinbera hirðir rúman helming af afrakstri hefðbundinna þjónustuviðskipta.

Stærsta sneiðin til ríkis og sveitarfélaga

Ein leið til að líta á hvernig tekjur Íslendinga skiptast milli ýmissa neysluútgjalda annars vegar og skatta hins vegar er að miða neysluna við grunn vísitölu neysluverðs sem sýnir hvernig meðalmaðurinn ver tekjum sínum. Kakan á mynd 3 hér að neðan sýnir þessa skiptingu útgjalda heimilanna þ.e. hvernig Meðal-Jón og hans fjölskylda verja tekjum sínum. Gjöld til hins opinbera eru langstærsti útgjaldaliður heimilanna. Haldi tekjur og gjöld ríkis og sveitarfélaga áfram að aukast, eins og þau hafa gert um langa hríð, er þess stutt að bíða að hið opinbera nái í meirihluta af tekjum landsmanna.



Mynd 3. Hið opinbera er dýrasti liðurinn í heimilisbókhaldu.

Bæði ríki og sveitarfélög slaki á klónni


Ríkið leggur nú á 22,75% í staðgreiðslu tekjuskatts einstaklinga en veitir persónuafslátt sem nemur 32.150 krónum á mánuði. Sveitarfélög leggja á 12,97% útsvar en veita engan persónuafslátt. Eins og sjá má á mynd 4 hefur ríkið lækkað sinn hlut í skatthlutfalli einstaklinga frá aldamótum en sveitarfélögin hækkað sinn hlut. Heildarbreytingin frá aldamótum er úr 38,37% í 35,72%. Auk þess hefur svonefndur hátekjuskattur verið felldur niður. Þar sem ríkið veitir persónuafslátt af sínum hluta eru tekjur ríkis og sveitarfélaga af launum landsmanna álíka miklar þrátt fyrir hærra skatthlutfall hjá ríkinu. Ríki og sveitarfélög taka álíka mikið úr launaumslögum landsmanna um hver mánaðamót. Það er því sameiginlegt verkefni



Sneið til stjórnvalda



ríkis og sveitarfélaga að lækka skatt á tekjur landsmanna. Sveitarfélögin mega ekki víkja sér undan ábyrgð í þessum efnum.



Mynd 4. Útsvar (rauðar súlur) hefur hækkað um 8,4% frá árinu 2000 á meðan tekjuskattur til ríkisins hefur lækkað um 13,9%.

Bætt upplýsingagjöf til skattgreiðenda

Það er ekki víst að allir átti sig á því hve stórtæk sveitarfélögin eru orðin í skattheimtu af launafólki. Þess vegna er mikilvægt að þetta sé skýrt svo sveitarfélög njóti sama aðhalds frá launþegum og ríkissjóður. Ein leið til að launþegar átti sig á hvert skattar þeirra renna er að það sé sundurliðað á launaseðlum fyrirtækja og stofnana hvernig staðgreiðsla tekjuskatts og útsvars skiptist á milli ríkis og sveitarfélaga. Þegar eru einhver fyrirtæki sem gera þetta og er ástæða til að hvetja ríki og sveitarfélög til að ganga á undan með góðu fordæmi hvað þetta varðar.

Heimildir: Talnaefni í skýrslunni er fengið af vef Hagstofu Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Ríkisskattstjóra og vefriti fjármálaráðuneytisins.

Þjóðmálafélagið Andríki var stofnað árið 1995. Tilgangur félagsins er útgáfa og önnur kynning á frjálslindum stjórnmálahugmyndum. Í þessum tilgangi gefur félagið út bækur, skýrslur og Vefþjóðviljann, elsta þjóðmálavefrit Íslendinga, ásamt rekstri vefbóksölu.